



Deiliskipulagstillaga mkv. 1:1000



#### Skýringar:

- Skipulagsmörk
- 1 m hæðarlínur
- 5 m hæðarlínur
- (R) Rotþró
- (↑) Aðkoma
- (□) Fornminjar
- (□) Nuv. mannvirkni
- (—) Vegtenging
- (—) Lóðamörk
- (—) Lóðamörk breyting
- (—) Byggingarreitir



Úrklipt ú tillögu að br. á aðalsk.

#### Greinargerð

##### Forsendur

Samkvæmt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 á landnotkun á hluta af landi jarðarinar Ytri-Gunnólfssár II á Kleifum í Ólafsfirði er gert ráð fyrir um 3,5 ha svæði fyrir fristundabyggð (F16). Í gildandi aðalskipulagi er landið skilgreint sem landbúnaðarland með hverfisvernd. Eigendur jarðarinar hafa nú áform um að láta gera deiliskipulag fyrir 15 fristundahús innan þessa svæðis, p.e. eitt fyrir hvern eiganda.

##### Skipulagsleg staða og staðhættir

Svæðið sem er að mestu gómul tún og raklent graslendi, liggr austan Gunnólfssár að fjallsgirðingu að norðan, að landamerkjum við Ytri-Gunnólfssá I að austan og að sunnan að línu sem liggr um 90 m norðan við sameiginlegt ibúðarhús jarðanna Y-Gunnólfssár I og II. Innan þessa svæðis hafa verið stofnaðar tvær fristundalödir með landnr. 150897, 1220 m<sup>2</sup> og landnr. 222605 (Gunnarsholt) einnig 1220 m. Vegna aðkomuvegar þarf að gera smá breytingar á númerandi lóð landnr. 150897. Þá hafa eigendur komið sér upp sameiginlegrí snyrtiaðstöðu á þessu svæði og tveir eigendur innan höpsins útbúið aðstöðu við tvö hjólhýsi ásamt smáhýsi. Ekki er til deiliskipulag fyrir jörðina Ytri-Gunnólfssá II.

##### Umhverfisáhrif

Deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, en ásýndin mun breyst með fjölgun húsa á svæðinu. Staðarval þeirra er miðuð við að jarðrask og landmótun verði sem minnst og sama gildir um vegtingingar að þeim. Trjágróður verður í lágmarki p.e. fyrst og fremst lágvaxnir runnar til að mynda skjóli við húsin. Vandað verður til frágangs á rotþróum til að þær hafi sem minnst áhrif á umhverfið í kring.

##### Forminjar

Innan skipulagssvæðisins eru skráðir fjörlínur minjastaðir samkvæmt „Fornleifaskráning í Ólafsfirði“, Fornleifastofnun Íslands FS320-04051, Reykjavík 2006. Þeir eru: EY-022-006 og EY-022-007 heimild um úthús, engin afgerandi ummerki sjáanleg, EY-022-012 hesthúsvöllur, örnefni hesthús og EY-022-015 kvíabóli, þúst kvíar. Samkvæmt drögum að deiliskráningu var ekki að finna frekari forminjar innan skipulagssvæðisins, en skammt sunnan þess bælast við minjar um hesthústóft. Við nýja nákvæmari innmælingu á skráðum minjum á svæðinu virðast minjar nr. EY-022-006 og 007 vera örliðið austar en eldri mæling sýndi og þá meira utan skipulagssvæðisins en eldri skráning gaf til kynna. Komi forminjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu er skyld að gera Minjastofnun Íslands viðvert.

##### Aðkoma

Aðkoma verður af vegin að númerandi fristundahúsum sem tengist heimreiðinni að ibúðarhúsi jarðanna Ytri-Gunnólfssár I og II.

##### Deiliskipulag

Um byggingar á lóðunum gilda öll ákvæði laga og reglugerða sem við eiga s.s., skipulagslög, mannvirkjalog, byggingarreglugerðir, skipulagsreglugerðir, reglugerðir um brunavarnir og brunamál, íslenskir staðlar og blöð Rannsóknarstofnunar byggingarþóraðarins, eftir því sem við á. Gera skal ráð fyrir tveimur bílastæðum innan hverrar lóðar.

##### Byggingar

Á hverri lóð verður heimilt að reisa eitt fristundahús allt að 100 m<sup>2</sup> að stærð og þau verði að lágmarki ekki minni en 40 m. Byggingarreitum er þannig fyrirkomið að þei myndi byrpingar samkvæmt ákvæðum í aðalskipulagi, en þó þannig að fjarlegi milli húsa nái 20 m, nema á lóðum nr. 6 og 7 þar sem því verður ekki viðkomið vegna lögunar og stærð þeirra. Þakform verður mænisþak með svipuðu yfirbragið númerandi húsa og hármarksþæð að 4.90 m. Staðsettning húsa innan byggingarreits er frjáls, en stefnan taki mið af stefnu húsa á svæðinu og landslagi innan hverrar lóðar.

##### Vetur

Lóðinum mun tengjast vatnsveitu jarðarinnar, hitaveitu Norðurorku og dreifikerfi. Rárik hvað varðar rafmagn. Fráveita mun tengjast tveim rotþróum þar sem önnur er staðsett í suðausturhorni svæðisins, en hin skammt austan við læk sem rennur í gegnum svæðið. Frágangur og stærð þeirra skal unnin í samráði við Heilbrigðoseftirlit Norðulands eystra.

##### Sampykktir

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslagsa  
nr. 123/2010 með síðari br. var auglýst frá..... 2018 með

athugasemdafresti til ..... 2018

var sampykkt í bæjarstjórn þann..... 2018.

##### Bæjarstjóri

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda  
þann.....2018

#### Ytri-Gunnólfssá II Ólafsfirði fristundabyggð

teikn: Deiliskipulagstillaga mkv: 1:1000 í A2 teiknað af: ggh

verknr: 18-103 dags: 05.10.18 br: br: teikn-nr: 1